

Aksturstrygging vinnuvéla er ábyrgðartrygging sem bætir fjárhagslegt tjón þriðja aðila, bæði eigna- og líkamstjón, vegna notkunar vinnuvélarinnar sem ökutækis, samkvæmt lögum um ökutækjatrýggingar. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er skráður eigandi eða varanlegur umráðamaður þeirrar vinnuvélar sem tilgreind er í vátryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum sem hlýst af notkun þeirrar vinnuvélar, sem skráð er á vátryggingarskírteini, enda verði tjónið rakið til skyndilegs og óvænts atburðar. Með notkun er hér eingöngu átt við notkun vinnuvélar sem ökutækis samkvæmt 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

2. gr. Undanþágur

Vátryggingin tekur ekki til:

- Tjóns af völdum annarrar notkunar á vinnuvélinni, sérstökum búnaði hennar eða tengdum tækjum, sem ekki hlýst beinlínis af akstri hennar á vegum utan vinnusvæða.
- Tjóns sem verður á vinnuvélinni sjálfri, búnaði hennar, viðfestum eða tengdum tækjum, þ.m.t. eftirvögnum.
- Tjón sem verður á farþegum eða farmi vinnuvélarinnar.
- Tjóns sem stjórnandi, eigandi eða umráðamaður verður fyrir af völdum vinnuvélarinnar.
- Fjárhæðar sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, sem vátryggður hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi.
- Endurkröfu frá almannatryggingum.
- Tjóns á munum sem vátryggður á einn eða með öðrum.
- Tjóns á munum sem vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna, sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- Tjón á munum sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
- Munatjóns, sem hlýst af ruðningi eða mokstri á snjó eða jarðefnum, þ.m.t. tjón á vegum, köntum, skiltum, vegriðum eða öðrum gatnamannvirkjum.
- Tjóns á munum vegna eldsvoða.

Skaðabótaábyrgð innan samninga Vátryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

Mengunartjón Vátryggingin tekur ekki til tjóns sem rakið verður til hægfara mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna bráðamengunartjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar, sem ekki má kenna því, að vátryggður hefur með ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum, sem gilda á hverjum tíma. Með bótaskyldu bráðamengunartjóni er átt við tjón eða skaða á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum.

3. gr. Tímatakörk

Ef ekki er á annan veg samið tekur vátryggingin til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á vátryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrir en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem verður áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrir en á vátryggingartímanum.

4. gr. Varúðarreglur

Vátryggður og hver sá sem með heimild hans hefur umráð yfir vinnuvélinni skal sjá til þess að hún sé í lögmæltu ástandi, að hún sé færð til lögbundinnar skoðunar og að viðhald hennar sé eðlilegt. Sérstaklega ber honum að sjá til þess að öryggisbúnaður svo sem dekk og hemlabúnaður sé í lagi.

Stjórnandi vinnuvélarinnar skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað henni örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

Stjórnandi vinnuvélarinnar skal hafa hæfni til þess að stjórna henni örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

Verði slys á athafnasvæði váttryggðs eða að öðru leyti í tengslum við starfsemi hans skal hann sjá til þess að rannsókn fari í öllum tilvikum fram eins fljótt og auðið er. Sé um vinnuslys að ræða, sem er til þess fallið að valda fjarveru hins slasaða frá vinnu, skal váttryggingartaki tafarlaust og áður en vettvangi er raskað tilkynna lögreglu og vinnueftirliti um slysið sbr. einnig 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Varúðarregla þessi raskar í engu almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar.

5. gr. Sérregla um endurkröfu.

Félagið öðlast endurkröfurétt á hendur váttryggðum eða stjórnanda vinnuvélarinnar í þeim tilvikum þegar hann hefur ekki fengið réttindi til að aka hinni váttryggðu vinnuvél eða misst réttindi til að aka henni.

Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, umferðarlögum nr. 50/1987 eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2022